

Smartland Mörtu Maríu | Frami | mbl | 4.1.2021 | 16:00

Heitasta óskinn að spílakössum verði lokað



Alma Hafsteinsdóttir er viðskiptafræðingur og fíkní- og fjölskyldumarkþjálfari með sérhæfingu í spílafíkn. [mbl.is/Arni Saeborg](https://www.mbl.is/Arni_Saeborg)

Alma Hafsteinsdóttir fíkní- og fjölskyldumarkþjálfari leggur sig fram um að gera Ísland að vænlegum stað að búa á fyrir alla þá sem hafa meiðst vegna spílafíknar. Hún segir ótrúlegt að sjá réttlætingu þeirra sem standa í vegi fyrir framþróuninni sem hún segir mikilvægt að verði í samfélaginu til að þessi mál verði tekin föstum tókum. Á miðnætti um áramótin ætlar hún að loka augunum og sjá fyrir sér þegar tilkynnt verður um lokun spílakassa til frambúðar. Sem hún telur einu skrefi nær fallettra samfélagi fyrir okkur öll.

„Það er búið að vera mikið að gera hjá okkur í Samtökum áhugafólks um spílafíkn. Þar starfa ég sem formaður ásamt ótrúlega góðum hópi fólks sem leggur hjarta sitt og sál í þau verkefni sem samtökin vinna að. Tilgangur samtakanna er að fræða, upplýsa fólk um málefni spílafíkla og tala fyrir breytingum á spílakassamarkaði. Ég er einnig að búa mig undir lokapróf sem alþjóðlega vottaður spílafíklaráðgjafi. Ég hefði átt að klára í haust en það hefur tafist vegna kórónuveirunnar. Núna í haust byrjaði ég svo í sálfræði við HR og var að klára jóla-prófin, sem er hressandi. Auk þessa er ég með stofuna mína, Spilavandi.is, þar sem ég aðstoða spílafíkla við að taka á vanda sínum.“

Þakkát fyrir þá vitundarvakningu sem hefur orðið

Alma segir árið að mörgu leyti hafa verið frábært, þrátt fyrir ástandið.

„Það hefur mikil vitundarvakning átt sér stað í málefnum spílafíkla. Við erum farin að ræða spílakassa málefnalega og kalla samtök, stofnanir og rekstraraðila til ábyrgðar. Svo hef ég verið í námi til að dýpka og auka við þekkingu mína á spílafíkn og það er ótrúlega spennandi og gaman. Ég hef líka, eins og margir, fengið meiri tíma með mínum nánustu og það hefur svo sannarlega hægst á mörgu í okkar samfélagi, sem mér líkar ágætlega.“

Hún segir að vegna veirunnar hafi eðli reksturs spílakassa opinberast.

„Það þrengdi að í þjóðfélaginu og þá kemur ýmislegt í ljós og það hefur gert það varðandi rekstur spílakassa. Við hjá Samtökum áhugafólks um spílafíkn finnum fyrir því að spílafíklar, ástvinir þeirra og almenningur styður það sem við tölum fyrir. Það er gott að finna það og það hvetur okkur til að halda áfram, að gera meira og betur. Við höfum alltaf lagt upp með að vera heiðarleg og sönn í okkar málflutningi og það er að skila sér. Fólk hefur ekki verið viljugt til að koma fram undir nafni og í mynd, en það er að breytast. Með því að fólk stígi fram og segi sína sögu getum við farið að tala um spílakassa eins og þeir eru í alvöru, en ekki bara sem eitthvert fjáröflunarverkefni sem stjórnir góðgerðarsamtaka geta fært í bókhald, nú eða byggt rosa flottar byggingar og allir kátir.“

Fjölskyldan og ástvinir skipta miklu máli

Það er ýmislegt sem hefur komið Ölmum á óvart á árinu. Þá sér í lagi fólki í ábyrgðarstöðum og réttlætíngin sem það notar þegar kemur að fjáröflun og peningum.

„Það sem kemur mér mest á óvart og mér finnst áttakanlegast við málfútning rekstraraðila spílakassa er að formenn góðgerðarsamtaka, rektor Háskóla Íslands og dómsmálaráðherra skuli koma opinberlega fram og réttlæta þessa starfsemi. Því miður held ég að eftir nokkur ár verði þau ummæli svartur blettur á starfsemi þeirra og ráðherratið, þegar fólk áttar sig í raun á hvaða skaða og hörmungum spílakassar hafa valdið í samfélagi okkar í næstum 30 ár.“

Hvernig réttlætir fólk spílakassana í landinu? Erum við gamaldags í hugsun?

„Ég hef ekki hitt neinn á þessu ári sem réttlætir rekstur spílakassa, aðra en formenn og forstjóra rekstraraðila, já og dómsmálaráðherra, sem er gott. Almenníngur virðist vera búinn að áttar sig á hversu mikil tímaskekkja þessir spílakassar eru og spílakassar bæta ekki við neinum lífsgæðum; hvorki fyrir notendur spílakassa né samfélagið.“

Hverjir styðja þig í baráttumálum ykkar?

„Fjölskyldan mín og ástvinir styðja mig persónulega en málstað spílafíkla og þeirra sem orðið hafa fyrir áhrifum spílakassa ótrúlega margir og eftir að umræðan jókst og fólk varð upplýstara hefur fjölgað í hópi þeirra sem finnst þetta ósiðlegt og óviðunandi. Fólk er líka meira farið að taka undir málstað spílafíkla og það er ótrúlegt að upplífa það. Spílafíklar hafa hingað til ekki haft neina rödd eða neinn til að tala fyrir því hve skaðlegir og ávanabíndandi spílakassar eru, en það hefur orðið breyting á því. Hér áður sögðu rekstraraðilar bara að þetta væri nú allt í góðu og þetta væri aldeilis fín fjáröflun en það er lítill meðbyr með slíkum málfútningi núna.“

Trúir á betri leiðir til fjármögnunar

Hverjir standa fast á móti breytingum?

„Stjórn Rauða krossins, stjórn Landsbjargar, rektor Háskóla Íslands og dómsmálaráðherra. Þó svo löggjafinn veiti leyfið þá er öllum rekstraraðilum spílakassa í sjálfvald sett hvort þeir nýta leyfið. Þessir aðilar geta alltaf neitað að taka við peningum í gegnum þessa starfsemi. Háskóli Íslands er með flokkahappdrættið og gæti látið það duga og neitað að standa í rekstri spílakassa. Stjórnir Rauða krossins og Landsbjargar gætu neitað að stunda þessa starfsemi og fundið aðrar leiðir og treyst almenningi og þá væru þessi samtök að fá raunverulega frjáls framlög og væru ekki að taka við blóðpeningum. En stjórnir þessara samtaka kjósa þessa leið og hafa gengið mjög harkalega fram í að réttlæta sig.“

Hvað óskarðu þess að gerist á árinu 2021?

„Að spílakössum verði lokað og við förum að takast á við vandann sem bíður okkar í fjárhættuspílum á netinu, ásamt innlendum fjárhættuspílum. Svo þarf að koma á meðferð við spílafíkn þar sem starfsfólk hefur sérþekkingu á spílafíkn og meðhöndlun hennar, bæði fyrir spílafíklana og fjölskyldur þeirra. Þetta þurfa að vera frí úrræði og hluti af heilbrigðisþjónustu!

Einn af mínum draumum, sem stefnir í að muni rætast árið 2021, er að sitja með hópi fagaðila og ræða meðferðarúrræði og hvað sé best að gera til að hjálpa fólki sem misst hefur tókin á fjárhættuspílum. Okkar bíður stórt verkefni í þeim málum, þar sem algjör þöggun hefur ríkt um fjárhættuspil og þeir aðilar sem við helst hefðum talið að ættu að leiða umræðuna hafa hagnast á henni og talað fyrir því að víkka út starfsemi sína með því að koma henni einnig á netið. Það á eftir að koma í ljós á næstu misserum hve mikill fjöldi fólks er að takast á við spílafíkn. Auk þess á sá vandi bara eftir að aukast og við verðum að vera búin undir að hjálpa þeim einstaklingum sem vilja hjálp, sam-eina fjölskyldur og aðstoða fólk í átt að bata og aftur til baka í samfélagið okkar.“